


Október 2018 - Fréttabréf Svansins


Ársuppgjör Svansins

Á meðfylgjandi myndum má sjá ársuppgjör Svansins fyrir árið 2017. Tekjur Svansins hækkuðu um 6 m.kr. á milli ára sem má rekja meðal annars til framlaga frá fyrirtækjum vegna birtinga á kynningarefni, innheimtu námskeiðsgjalda og hagræðni í innheimtu á erlendum árgjöldum.

Gjöld Svansins



Tekjur Svansins



Lærðu að þekkja merkin

UMHVERFISMERKI



LÍFRÆN RÆKTUN



Önnur umhverfismerki

Í byrjun árs hóf Svanurinn birtingar á vefborðum undir slagorðinu *Lærðu að þekkja merkin*. Markmiðið er að auka þekkingu neytenda á áreiðanlegum merkjum. Efnið var birt yfir um 5 vikna tímabil í janúar og febrúar. Samhliða því voru prentaðir nýir seglar með sama efni. Ákveðið var að leggja áherslu á þau umhverfismerki og merki fyrir lífræna ræktun sem algengust eru á íslenskum markaði. Efnið verður birt aftur í nóvember 2018.

Fyrsti Svansvottaði sjóðurinn á Íslandi

Í september 2018 hlaut fjárfestingasjóðurinn Pareto Global Corporate Bond vottun Svansins samkvæmt nýjum viðmiðum fyrir sjóði. Sjóðurinn er sá fyrsti með starfsemi á Íslandi sem hlýtur vottun. Svanurinn á Íslandi og Pareto stefna að því að halda málstofu um sjálfbærar fjárfestingar árið 2019.


Endurbætur og byggingar

Reitir fasteignafélag hf. varð á árinu fyrsta fyrirtækið á Norðurlöndunum til að sækja um vottun fyrir endurbætur húsnæðis. Um er að ræða skrifstofu Umhverfisstofnunar að Suðurlandsbraut 24. Að verkinu koma einnig THG Arkitektar og Finnur Sveinsson, sem ráðgjafi. Í viðmiðum Svansins er lögð megin áhersla á efnisnotkun og rétta meðhöndlun þess úrgangs sem fellur til.

Einnig er í byggingu fjölbýlishús í eigu Skips ehf. í Urriðaholti sem stefnt er á að verði fyrsta fjölbýlishúsið til að hljóta vottun.



EKKI VELJA
HVAÐ SEM ER



svanurinn.is

UMHVERFIS
STOFNUN

Kynningarmál Svansins

Á árinu 2018 fóru starfsmenn Svansins á Íslandi í markaðsferðir á Vestfirði, Suðurland og Norðurland. Áhersla var lögð á hótél og kynningu til sveitarfélaga á viðmiðum fyrir nýbyggingar. Ferðirnar voru einnig nýttar til að heimsækja leyfishafa Svansins. Svanurinn gaf einnig út nýjan kynningarbækling á árinu. Í nóvember mun svo myndband Svansins og kynningarefni tengt því fara í birtingu.

Leyfi og umsóknir

Í lok 2017 voru Svansleyfin 34 en á árinu bættust við 3 ný leyfi; Ásprent Stíll, Mannverk og Farfuglaheimilið í Borgarnesi. Það sem af er 2018 hafa 3 leyfi verið veitt, til Héraðsskólans á Laugarvatni, til Tandurs og til iClean. Leyfi Prentmets voru sameinuð sem dró úr heildarfjölda leyfa. Á árinu 2017 bárust 7 nýjar umsóknir og 7 árið 2018.

